

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. maí 2010

Umsögn Ákærendafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um embætti sérstaks saksóknara og lögum um meðferð sakamála, með síðari breytingum, 511. mál.

Í 1. gr. frumvarpsins er gerð tillaga að breytingu á skilgreiningu á verkefnum embættis sérstaks saksóknara, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 135/2008.

Ákærendafélagið tekur undir að núverandi skilgreining á verkefnum sérstaks saksóknara er ófullnægjandi og til þess fallin að skapa hættu á frávísun mála frá dómi. Getur þetta átt við um hvort sem er mál sem efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjórans eða sérstakur saksóknari höfða, ef dómstólar meta það svo að annað hvort embættið gangi inn á verksvið hins. Verður að líta svo á að með stofnun sérstaks saksóknara hafi hluti af þeim verkefnum sem annars ættu undir efnahagsbrotadeild verið tekin undan valdsviði hennar og flutt til sérstaks saksóknara og verksvið þess síðartalda sé takmarkað við skilgreiningu 1. mgr. 1. gr. laganna um embætti sérstaks saksóknara. Líklega hefði verið betra að kveða ekki með svo skýrum hætti á um verkefni sérstaks saksóknara heldur veita dómsmálaráðherra umboð til að skipa þeim með reglugerð.

Undanfari þeirra breytinga sem nú eru lagðar til með frumvarpi þessu eru bréfaskriftir milli undirritaðs saksóknara efnahagsbrota, yfirmanns efnahagsbrotadeildar, og Björns Bergssonar setts ríkissaksóknara og síðari ábending undirritaðs til Valtýs Sigurðssonar ríkissaksóknara um þessa óvissu sem uppi er. Taldi undirritaður að nauðsynlegt væri að leysa úr spurningum um skýringu 1. gr. laga nr. 135/2008 áður en óljóst orðalag hennar leiddi til frávísana í sakamálum. Þarf ekki að tífunda ásókn dómara á liðnum árum í að nýta alla möguleika sem finnast til frávísana flókinna og þungra efnahagsbrotamála. Þetta er ætti flestum að vera kunnugt og gefur sterk fyrirheit um að slík tækifæri verði notuð eins og efni eru til eftir leiðis sem hingað til.

Á liðnu ári var nokkuð rætt um að sameina bæri efnahagsbrotadeild og embætti sérstaks saksóknara. Undirritaður hefur lýst þeirri skoðun sinni opinberlega auk dómsmálaráðherra og ríkislögreglustjóra. Reyndar hefur hann gengið lengra en svo og

lagðist gegn því að þessum aðskilnaði yrði komið á, þegar Alþingi hafði til umfjöllunar frumvarp að lögum nr. 135/2008. Af þessu hefur ekki orðið en forsætisráðherra hefur boðað áframhaldandi og umfangsmiklar sameiningar stofnana og hlýtur þessi sameining að koma til skoðunar fyrr en seinna. Það er álit ákærendafélagsins að réttara sé að hraða sameiningu efnahagsbrotadeildar og sérstaks saksóknara í stað þess að glíma við að tryggja aðskilnað verkefna eins og verið er að gera með frumvarpi þessu. Fyrir því eru mörg góð rök en fá á móti. Ástæðulaust er að rekja þau frekar í þessu samhengi en hlýtur að vera öllum ljóst sem sjá vilja að starfskröftum lögreglu og ákærvalds, sem eru af skörnum skammti, er illa varið með því að reka tvö embætti sem sinna samskonar verkefnum.

Athugasemdir.

Um 1. mgr. 1. gr.


Orðalag 1. mgr. 1. gr. eins og tillaga 1. gr. frumvarpsins gengur út frá er allt of víðtækt. Ef það er skýrt eftir orðalagi sínu og að teknu tilliti til 2. mgr. 1. gr. laga nr. 135/2008, rannsakar sérstakur saksóknari mál allra þeirra sem átt hafa hlutbréf, stofnfjárluti, farið með atkvæðarétt í, eða stjórnað, starfað fyrir og hjá eða komið að starfsemi fjármálafyrirtækja ef brotin teljast efnahags-, auðgunar- eða skattabrot. Orðalag ákvæðisins má skýra svo að sérstakur saksóknari eigi að annast rannsókn og ákærumeðferð allra efnahags-, auðgunar- og skattalagabrota sem þeir kunna að fremja sem áttu hlutbréf í fjármálafyrirtæki burt séð frá því hvort viðkomandi eða brot hans hafi nokkur önnur tengsl við fyrirtækið.

Um 3. málslíð 1. mgr. 2. gr.

Ákvæði 2. gr. er mjög til bóta enda hefur skort á formlegt vald innan ákærvaldsins til að skera úr um hvar mál eiga að fá meðferð. Í 5. mgr. 2. gr. laga nr. 135/2008, er ríkissaksóknara veitt heimild til að ákveða að mál skuli rannsökuð af öðrum en meginreglan í 1. mgr. 1. gr. gerir ráð fyrir.

Að öðru leyti sæta ákvæði frumvarpsins ekki athugasemdum.

Virðingarfyllst,


Helgi Magnús Gunnarsson formaður

Ríkissaksóknari

Reykjavík 3. maí 2010.

Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 10
150 Reykjavík

Allsherjarnefnd Alþingis hefur sent ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um embætti sérstaks saksóknara og meðferð sakamála, 511. mál.

Varðandi 1. gr.

Í bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 26. janúar sl., var fjallað um ágreining sem upp kom milli saksóknara efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, setts saksóknara og setts ríkissaksóknara um valdsvið embættanna en erindi þess efnis hafði verið beint til ríkissaksóknara af hinum fyrstnefnda. Afrit bréfsins var sent dóms- og mannréttindaráðuneytinu. Í bréfinu kom m. a. fram það sjónarmið ríkissaksóknara að ýmsar spurningar gætu vaknað um skilgreiningu og afmörkun á hlutverki sérstaks saksóknara samkvæmt 1. gr. laga nr. 135/2008 en embætti sérstaks saksóknara væri falin rannsókn mála sem annars myndu heyra undir ríkislögreglustjóra skv. 2. gr. a.-liðar 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Þá var talið að háttsemi, sem embætti sérstaks saksóknara væri ætlað að rannsaka, yrði að hafa átt sér stað fyrir setningu laga nr. 125/2008, og tengjast aðdraganda og vera í tengslum við þá atburði sem leiddu til setningar umræddra neyðarlaga samkvæmt orðanna hljóðan í 1. mgr. laga nr. 135/2008. Þessi sömu sjónarmið höfðu komið fram á fundi sem ríkissaksóknari hélt með ákærendum í nóvember 2009.

Framvarp þetta er samið af réttarfarsnefnd í kjölfar umrædds bréf. Megin markmið breytinganna er að skilgreina með skýrari hætti en nú er gert verksvið embættis sérstaks saksóknara, gagnvart öðrum handhöfum ákæruvaldsins eins og segir í athugasemdum með frumvarpinu. Það er gert með því að fella á brott tilvísun til atburða er leiddu til setningar neyðarlaga við skilgreiningu á verksviði embættisins svo og með lagfæringu á texta greinarinnar að öðru leyti.

Ríkissaksóknari leggur áherslu á að skýrt sé kveðið á um verksvið sérstaks saksóknara í lögum þannig að ekki komi til frávísunar væntanlegra dómsmála af þeim sökum. Þá sé

einnig nauðsynlegt að verksvið sérstaks saksóknara sé ekki þrengt um of miðað við tilgang með stofnum embættisins. Að mati ríkissaksóknara hefur það tekist með þeirri skilgreining sem fram kemur í frumvarpinu.

Varðandi 2. gr.

Í umræddu bréfi ríkissaksóknara kom fram eftirfarandi:

„Ríkissaksóknari telur engu að síður að settur ríkissaksóknari hafi ekki heimild til að fela efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra að fara með mál sem heyra undir embætti sérstaks saksóknara. Þá geti settur ríkissaksóknari heldur ekki falið öðrum saksóknurum mál til meðferðar sem sérstökum saksóknara hefur borist en hann telur að eigi ekki undir embættið. Slík mál ber honum að senda ríkissaksóknara til frekari meðferðar og eftir atvikum setja fram sjónarmið sitt um það efni.“

Ríkissaksóknari telur rétt að gera þá breytingu á 5. mgr. 2. gr. sem kveðið er á um í 2. gr. frumvarsins og er þá fyrst og fremst horft til hagkvæmni þegar slíkt á við. Hann er því fylgjandi umræddri breytingu.

Ríkissaksóknara þykir ekki ástæða til að fjalla um aðrar breytingar samkvæmt frumvarpinu og er því fylgjandi að það verið samþykkt sem lög frá Alþingi.


Valtýr Sigurðsson

Alþingi

Erindi nr. *B* 138/1809komudagur 27.4.2010 TILVÍSUN

Alþingi, allsherjarnefnd
vt. Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. apríl 2010 02-2010040988
T-ums 22/10


Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um embætti sérstaks saksóknara og lögum um meðferð sakamála, með síðari breytingum - 511. mál, þskj. 898.

Ríkisskattstjóri hefur þann 21. apríl 2010 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um embætti sérstaks saksóknara og lögum um meðferð sakamála - 511. mál, þskj. 898.

Markmið frumvarpsins er að skilgreina með skýrari hætti verkswið sérstaks saksóknara.

Að mati ríkisskattstjóra er ekki ástæða til að gera athugasemd við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þorðarson


Guðrún J. Jónsdóttir



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t. Elínar V. Þorsteinsdóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. maí 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um embætti sérstaks saksóknara og lögum um meðferð sakamála, með síðari breytingum (511. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér frekari skýringu á verksviði sérstaks saksóknara.

Viðskiptaráð Íslands benti á, það sem ráðið taidi, ýmsa annmarka í umsögn sinni þann 27. nóvember 2008 við frumvarp til laga um embætti sérstaks saksóknara (141. mál). Frá því embætti sérstaks saksóknara var stofnað hefur hins vegar komið í ljós að áhyggjur ráðsins voru að mestu óþarfar. Þannig virðist því ekki vera til að dreifa að vikið hafi verið frá vandaðri lagaumgjörð um meðferð sakamála til skaða fyrir grundvallarreglur réttarríkisins. Verkaskipting á milli stofnana hefur að auki verið skýrð til muna og ekki verður betur séð en að verklagið sé skilvirkt. Miklu skiptir fyrir embættið, rannsóknina, almenning og fyrirtækin í landinu að haldið sé áfram á þessari braut.

Nú eru 18 mánuðir liðnir frá bankahruninu og á þeim tíma hefur óöryggi og, að miklu leyti eðlilegt, vantraust í garð íslensks viðskiptalífs, stjórnsýslu og eftirlitsaðila staðið endurreisnarstarfinu fyrir þrífum. Margt þarf að færa til betri vegar í ranni viðskiptalífsins, en miklu skiptir einnig að faglegum og þar með trúverðugum rannsóknum sérstaks saksóknara á því sem miður fór verði hraðað. Með tilkomu skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis urðu mikilvæg kaflaskil og það er von Viðskiptaráðs að niðurstöður hennar og úrlausnir allra mála verði nýtt til umbóta fyrir íslenskt samfélag.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Yfirlögfræðingur Viðskiptaráðs